


Þrautplan 1 Stórar rútur/Flutningabílar

Keppendur skulu hafa bílbeltið spennt, byrjið akstur í frígír og með handbremsu á. Þegar akstri um brautina er lokið, setjið bílinn í frígír og handbremsu. Bíllinn er í frígír og handbremsu áður en merki er gefið. Tímatöku líkur handbremsa er komin á.

Ef keppendur gera mistök/villur í braut bætast 20 sekúndur við tímann fyrir hverja villu. Hvert rangt svar í spurningum gefur 5 sekúndur í refsingu. Sá einstaklingur sigrar sem fær fæst heildarstig.

Sigurvegari í liðakeppninni ákvarðast út frá meðaltali þeirra einstaklinga sem liðið skipa.




| | |
|------------------|---|
| Þraut 1: | Þegar merki er gefið, akið út úr stæðinu án þess að snerta keilur. |
| Þraut 2: | Snertið innri stöngina með spegli ökutækisins án þess að snerta þá ytri. |
| Þraut 3: | Akið milli keilanna án þess að snerta þær. |
| Þraut 4: | Fellið fremri listann án þess að fella þann aftari með v. framhorni. Ekki má snerta keilur. |
| Þraut 5: | Bakkið yfir plattann með afturhjól. (þið megið velja). |
| Þraut 6: | Bakkið milli plankanna. Hjól mega ekki snerta þá. Ein villa fyrir snertingu á hverju hjóli. (Hámark 1 villa pr. hjól). |
| Þraut 7: | Bakkið með bæði afturhjól upp á plankann og stöðvið ofan á honum. |
| Þraut 8: | Akið áfram milli plankanna. Hjól mega ekki snerta þá. Ein villa fyrir snertingu á hverju hjóli. (Hámark 1 villa pr. hjól). |
| Þraut 9: | Akið áfram yfir plattann með framhjól. (þið megið velja). |
| Þraut 10: | Fellið fremri gosflöskuna með hægra framhorni bílsins án þess að fella þá aftari. |
| Þraut 11: | Bakkið milli keilanna án þess að snerta þær. |
| Þraut 12: | Bakkið inn í stæðið án þess að snerta keilur. Ekki má snerta þraut 2. |
| Þraut 13: | Fellið fremri listann aftast í stæðinu með afturhluta bílsins án þess að fella þann aftari. <i>Gangið frá bílnum í frígír og handbremsu. Þá lýkur tímatöku.</i> |

Prautaplan 2 Smárútur/sendibílar

Keppendur skulu hafa bílbeltið spennt, byrja akstur í frígír og með handbrensu á. Þegar akstri um brautina er lokið, setjið bílinn í frígír og handbrensu. Bíllinn er í frígír og handbrensu áður en merki er gefið. Tímatöku líkur þegar handbrensa er komin á.

Ef keppendur gera mistök/villur í braut bætast 20 sekúndur við tímann fyrir hverja villu. Hvert rangt svar gefur 5 sekúndur í refsingu. Sá einstaklingur sigrar sem fær fæst heildarstig. Sigurvegari í liðakeppninni ákvarðast út frá meðaltali þeirra einstaklinga sem liðið skipa.



| | |
|---------------------|---|
| Praut 1: | Þegar merki er gefið, akið út úr stæðinu án þess að snerta keilur. |
| Praut 2: | Akið áfram með vinstra afturhjól milli línanna án þess að snerta þær. Ekki má bakka hér. |
| Praut 3: | Akið með vinstra framhjól inn fyrir tappann án þess að snerta stangirnar tvær. |
| Praut 4: | Akið í svigi milli keilanna. Akið hægra megin við þá fyrstu. |
| Praut 5: | Akið upp á plankann með bæði framhjól. Þau verða að lyftast. |
| Praut 6: | Bakkið í boga að þraut nr. 7 og látið eitt afturhjól snerta plattann. Ekki má aka áfram hér. |
| Praut 7: | Bakkið upp á plankann með bæði afturhjól. Þau verða að lyftast frá malbiki. |
| Praut 8: | Akið að stöngunum þremur og snertið þá fremstu (<i>Lituð</i>) með framenda bílsins án þess að snerta hinar tvær. |
| Praut 9: | Bakkið á milli plankanna. Hjól mega ekki snerta þá. Ein villa fyrir snertingu á hverju hjóli. (<i>Hámark 1 villa pr. hjól</i>). |
| Praut 10: | Fellið fremri gosflöskurna með hægra framhorni án þess að snerta þá aftari. |
| Praut 11: | Fellið fremri gosflöskurna með vinstra framhorni án þess að snerta þá aftari. |
| Praut 12: | Bakkið yfir plattann með eitt afturhjól. |
| Praut 13-14: | Bakkið inn í stæðið án þess að snerta keilur og fellið fremri listann aftast í stæðinu án þess að fella þann aftari. Ekki má snerta keilur. Gangið frá bílnum. Þá lýkur tímatöku. |